

R.H. gegn Finnlandi

Dómur frá 2. júní 2009

Mál nr. 34165/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Réttlát málsmeðferð. Munnleg málsmeðferð. Vitni. Sönnunarmat á vitnisburði.

1. Málsatvik

Kærandi, R.H., er fæddur árið 1953 og er finnskur ríkisborgari. Í janúar 2002 hitti hann kunningjakuonu sína á veitingahúsi og tvær 17 ára stúlkur sem voru með henni. Stúlkurnar komu heim með honum og samkvæmt frásögn kæranda sátu þau áfram þar að drykkju og spjalli. Hafi hann síðan hringt á leigubíl fyrir þær og látið þær fá pening fyrir fari heim. Fjórum mánuðum síðar hafði lögreglan samband við kæranda og sagði hann grunaðan um kynferðisafbrot. Frásögn stúlkanna í lögregluskýrslu var ekki í samræmi við framburð hans, þar sem þær sökuðu kæranda um að hafa haft samfarir við aðra stúlkuna, er hún var sofandi, og reynt að nauðga hinni. Hafi þær síðan farið heim og kærandi gefið þeim pening fyrir leigubílnum. Móðir annarrar stúlkunnar hafi síðan hringt á lögreglu, sem hafi yfirheyrt stúlkurnar en sú, sem var nauðgað, neitaði að gangast undir læknisrannsókn.

Fyrir héraðsdómi fór fram munnleg málsmeðferð, þar sem hlýtt var á vitnisburð kæranda og stúlkanna tveggja. Niðurstaða héraðsdóms var sú að með vísan til framburðar stúlkanna hefði kærandi gerst sekur um kynferðisafbrot og var hann dæmdur til skilorðsbundinnar fangelsisvistar og greiðslu sektar. Kærandi áfrýjaði niðurstöðu dómsins til áfrýjunardómstóls og krafðist þess að munnleg málsmeðferð færi fram að nýju, þar sem framburður hans og stúlkanna stangaðist á. Framburður stúlkanna fyrir héraðsdómi hefði verið í ósamræmi við það sem eftir þeim var haft í lögregluskýrslunni, engin læknisrannsókn hefði farið fram og lögreglan hefði rannsakað málið frá upphafi sem nauðgun, án þess að rannsaka íbúð kæranda. Loks hefði kærandi ekki verið yfirheyrdur fyrir en fjórum mánuðum eftir meintan atburð. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðu héraðsdóms án þess að rannsaka málið frekar og hafnaði kröfu kæranda um að vitnaleiðslur færu fram að nýju, en studdist einvörðungu við skjölin sem fylgdu áfrýjun málsins og niðurstöðu héraðsdómstólsins. Kærandi áfrýjaði niðurstöðu málsins til Hæstaréttar, en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ríkið hefði brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans, þar sem áfrýjunardómstóll hefði ekki rannsakað mál hans til hlítar og fallist á kröfu hans um að munnlegar vitnaleiðslur færu fram að nýju.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að meta bæri hvort málsmeðferðin í heild sinni hefði verið réttlát, m.a. hvernig staðið var að sönnunarmati. Dómstóllinn benti á að því hefði ítrekað verið slegið föstu í framkvæmd hans að heimilt væri að takmarka rétt sakbornings til að leiða fram vitni og væri það venjulega á valdi landsdómstólanna sjálfra að meta hvort þörf væri á að leiða fram tiltekið vitni. Hefði munnleg málsmeðferð farið fram á lægri dómstigum, mætti takmarka þann rétt þegar málsmeðferð lyti að heimild til áfrýjunar eða snerist eingöngu um lagaatriði.

Samkvæmt landsrétti mætti beita þeirri málsmeðferð sem fór fram í máli kæranda þegar munnlegur málflutningur væri ekki nauðsynlegur og yrði dómstóllinn því að skoða hvort það skilyrði hefði verið uppfyllt. Jafnframt skyldi fara fram munnlegur málflutningur fyrir áfrýjunardómstólnum ef vitnisburður sá sem gefinn var fyrir lægra dómstigi væri vefengdur. Kærandi hélt því fram að málsatvik hefðu ekki verið með þeim hætti, sem lögð voru til grundvallar niðurstöðu kæru á hendur honum og krafðist munnlegrar málsmeðferðar til að skýra þau frekar.

Dómstóllinn tók fram að áfrýjunardómstóllinn hefði orðið að meta sekt eða sakleysi kæranda að nýju, þar sem kærandi hafði ávallt neitað sök. Því var trúverðugleiki vitnisburðar aðilanna lykilatriði í

mati á sök kæranda. Þó hefði áfrýjunardómstóllinn staðfest niðurstöðu héraðsdómstólsins, án munnlegrar málsmeðferðar og án þess að rannsaka málið frekar.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið hægt að skera úr um trúverðugleika vitnisburðar aðilanna án þess að fram færi munnlegur málflutningur að nýju. Hafði ríkið því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Í samræmi við ákvæði 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 2.000 evrur í málskostnað.